

Almenningssamgöngur á Íslandi - Boð um þáttöku í vinnustofu

Til : radhus@reykjavik.is;
Frá : Jónas Birgir Jónasson <jonas.b.jonasson@irn.is>
Heiti : Almenningssamgöngur á Íslandi - Boð um þáttöku í vinnustofu
Málsnúmer : 202206188
Málsaðili : Innviðaráðuneytið
Skráð dags : 06.06.2022 21:59:29
Höfundur : Jónas Birgir Jónasson <jonas.b.jonasson@irn.is>

You don't often get email from jonas.b.jonasson@irn.is. [Learn why this is important](#)

Starfshópur skipaður af innviðaráðherra sem hefur það hlutverk að koma með tillögur sem nýtast eiga við smíði frumvarps til fyrstu heildarlaga um almenningssamgöngur á Íslandi er nú að störfum. Starfshópurinn hyggst halda vinnustofu miðvikudaginn 15. júní nk. þar sem til stendur að gefa fulltrúum allra sveitarfélaga landsins kost á að taka þátt í umræðum og koma að sjónarmiðum sem nýst geta starfshópnum við mótun framangreindra tillagna.

Starfshópurinn býður því sveitarfélaginu að senda 1-2 fulltrúa til að taka þátt í vinnustofunni. Um getur verið að ræða hvort heldur kjörna fulltrúa, sérfræðinga eða aðra starfsmenn. Vinnustofan mun fara fram í gegn um fjarfundabúnaðinn ?Teams? og hefst á stuttri glærukynningu. Að henni lokinni verður þátttakendum skipt niður í stafræn ?umræðuherbergi? þar sem umræðustjórar munu leiða umræður og draga saman helstu niðurstöður. Í lokin verður svo farið yfir það helsta sem fram kemur í umræðunum.

Óskað er eftir að því að svar með nafni/nöfnum og netfangi/netföngum þátttakenda berist innviðaráðuneytinu á netfangið irn@irn.is. Fundarboð ásamt frekari upplýsingum verða send þátttakendum.

Með kveðju, Jónas Birgir Jónasson

Jónas Birgir Jónasson, lögfræðingur / Legal Adviser
skrifstofa samgangna / Department of Transport and Infrastructure
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure
Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing